

74. stjórnarfundur Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga haldin 26. nóvember 2026, kl 11.00 á skrifstofu Vestfjarðastofu, Ísafirði og í fjarfundi.

Mætt voru: Gylfi Ólafsson, formaður, Anna Björg Þórarinsdóttir, Dagný Finnbjörnsdóttir, Gauti Geirsson, Guðmundur Fertram Sigurjónsson, Hildur Aradóttir, Lilja Sigurðardóttir, Magnús Ingi Jónsson, Sif Huld Albertsdóttir og Þórkatla Soffía Ólafsdóttir.

Lilja Sigurðardóttir kemur inn sem áheyrnarfulltrúi.

Auk þeirra sátu fundinn Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri, Guðrún Anna Finnbogadóttir, teymisstjóri atvinnuþróunar, Sölvi Guðmundsson teymisstjóri markaðar og menningar og Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðaðróunar og ritaði einnig fundargerð.

Boðuð dagskrá fundarins er sem hér segir

Fundur stjórnar Vestfjarðastofu

1. 100 þúsund tonn (til umræðu)
Kynning Gylfi og Gauti
2. Atvinnustefna stjórnvalda (til umræðu)
<https://island.is/samradsgatt/mal/4111>
3. Fundargerðir til kynningar

Fundur stjórnar FV

1. Umsagnir – minnisblað

Formaður kannaði hvort athugasemdir væru við dagsskrá og boðun fundarins, engar athugasemdir komu fram. Gengið til dagskrár.

Fundur stjórnar Vestfjarðastofu

1. 100 þúsund tonn

Formaður kynnti að laxeldisfyrirtæki á Vestfjörðum hefðu leitað til formanns um þá stöðu sem blasir við í ljósi óhagfelldrar þróunar á rekstri fyrirtækjanna, aðstæður á markaði, gjaldtaka og framleiðslukostnaði. Vísast til kynningar á sjávarútvegsdeginum 26. nóvember s.l. um stöðu fiskeldis.

Fyrirtækin vildu hinsvegar horfa til framtíðar og horfa til framleiðsluaukningar og þar með aukningu í verðmæti og umsvifum og horfa til þróunar fiskeldis í Færeyjum á síðustu 10 árum. Hann hefði tekið saman með Gauta Geirssyni kynningu á stöðu máls og framtíðaráætlanir um mögulega aukningu og aðgerðir þeim tengdum.

Kynning hefur verið á málinu með atvinnuvegaráðherra og í tengslum við mótun atvinnustefnu ríkisstjórnar. Fór formaður yfir efni kynningarinnar.

Til máls tóku auk formanns, Gauti, Guðmundur Fertram, Sigríður og Þórkatla.

Formaður þakkaði umræðuna.

2. Atvinnustefna stjórnvalda

Formaður kynnti að forsætisráðuneyti hefði lagt fram í Samráðsgátt mál S 226/2025 Drög að atvinnustefnu Íslands – vaxtarplan til 2035. Hann ræddi meginforsendur og markmið skjalsins og óskaði eftir umræðu um efni þess og forsendur til umsagnar að hálfu Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands.

Til máls tóku auk formanns, Guðrún Anna, Aðalsteinn, Þórkatla, Gauti.

Samþykkt að senda inn umsögn og óska eftir ábendingum stjórnar og starfsmanna við vinnslu hennar.

3. Fundargerðir til kynningar

Framkvæmdastjóri lagði fram fundargerðir til kynningar.



- a. [49. Aðalfundur SSS](#)
- b. [Fundargerð 77. fundar stjórnar SSNE 6. nóvember](#)
- c. [Fundargerð 132. fundar stjórnar SSNV 3. nóvember](#)
- d. [617. fundur stjórnar SSH 3. nóvember 2025](#)
- e. [629. fundur stjórnar SASS 22. október 2025](#)
- f. [817. fundur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum 10. nóvember 2025](#)
- g. [Fundargerð 16. stjórnarfundar SSA 24. október 2025](#)
- h. [Fundargerð 164. stjórnarfundar Austurbrúar 24. október 2025](#)

Fertram vék af fundi.

Fundur stjórnar FV

1. Umsagnir – minnisblað

Formaður gaf sviðsstjóra byggðapróunar orðið. Hann fór yfir efni minnisblaðs varðandi umsagnabeiðnir og umsagnir til skoðunar frá Alþingi og úr Samráðsgátt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 12.10.



Fjórðungssamband
Vestfirðinga



Vestfjarðastofa



Markaðstofa
Vestfjarða

